
Aðflugsljós á Egilsstaðaflugvelli, Múlaþingi Ákvörðun um matsskyldu

1 INNGANGUR

Þann 30. nóvember 2021 barst Skipulagsstofnun tilkynning frá Isavia innanlandsflugvöllum ehf. um fyrirhugaða uppsetningu aðflugsljósa á Egilsstaðaflugvelli, Múlaþingi, samkvæmt 19. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana, sbr. lið 13.02 í 1. viðauka laganna.

Skipulagsstofnun leitaði umsagna Múlaþings, Minjastofnunar Íslands, Fiskistofu, Heilbrigðiseftirlits Austurlands, Umhverfisstofnunar og Náttúrufræðistofnunar Íslands.

2 GÖGN LÖGÐ FRAM

Tilkynning til Skipulagsstofnunar: Egilsstaðaflugvöllur, aðflugsljós norðan við flugbraut, jarðvinna. Isavia innanlandsflugvellir ehf.

Umsagnir um tilkynninguna bárust frá: Múlaþingi 13. janúar 2022, Minjastofnun Íslands 12. janúar 2022, Fiskistofu 26. janúar 2022, Heilbrigðiseftirliti Austurlands 14. janúar 2022 og Náttúrufræðistofnun Íslands 10. janúar 2022.

Frekari upplýsingar bárust frá framkvæmdaraðila 20. janúar og 27. janúar 2022.

3 FYRIRHUGUÐ FRAMKVÆMD

Fyrirhuguð framkvæmd felst í uppsetningu á aðflugsljósum norður frá nyrðri flugbrautarenda Egilsstaðaflugvallar og jarðvegsfyllingu undir þau ljós. Í hverri ljósasamstæðu verða 5 ljós og á milli hverrar samstæðu verða 30 m. Aðflugsljósin munu fara 715 m út frá norðurenda flugbrautarinnar og þarf að gera litla landfyllingu í skurðinum sem Eyvindará fer um fyrir eina ljósasamstæðu, en skurðurinn verður breikkaður til að þversniðsflatarmál verði óbreytt og hefti ekki rennsli um skurðinn. Heildarefnispörf eru 12.500 m³ sem verður tekið úr námum með tilskilin leyfi og er áætlað að heildafjöldi ferða flutningabíla með efni verði um þúsund talsins.

Aðkoman að svæðinu sunnan Eyvindaár er um flugbrautina en norðan árinna er hægt að keyra slóða meðfram ánni frá Borgarfjarðarvegi og alla leið út á Finnsstaðanes að framkvæmdasvæðinu.

4 UMHVERFISÁHRIF

Hér er fjallað um umhverfisáhrif framkvæmdarinnar eins og þeim er lýst í framlögðum gögnum Isavia innanlandsflugvalla ehf. og umsögnum umsagnaraðila.

Svæði á náttúruminjaskrá og gróður

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að norðan Eyvindarár sé framkvæmdasvæðið innan svæðis á náttúruminjaskrá; Egilsstaðanes og Finnastaðanes (nr. 647) vegna votlendis með



ríkulegum gróðri og fjölbreyttu fuglalífi. Norðan Eyvindarár muni 0,5 ha lands raskast sem sé samkvæmt vistgerðarkorti Náttúrufræðistofnunar Íslands að mestu mólendi en einnig votlendi. Votlendið sé minna en 2 ha. og njóti því ekki sérstakrar verndar skv. náttúruverndarlögum. Einnig kemur fram að votlendi verði ekki ræst fram og að gróðurinn sem muni fara undir aðflugsljósinn muni raskast varanlega en ekki sé um að ræða stór samfelld svæði og telji því framkvæmdaraðili að áhrif framkvæmdarinnar á gróður verði óveruleg.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur útbreiðsla votlendis á Finnastaðanesi sé meiri en í raun sjáist á vistgerðarkorti stofnunarinnar og að framkvæmdasvæðið sé því nær eingöngu á votlendi sem falli undir 61. gr. laga um náttúruvernd og beri einungis að raska ef um ríka almannahagsmuni sé að ræða.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að það sé um töluverða þjóðarhagsmuni að ræða þegar hlutverk Egilsstaðaflugvallar sé skoðað sem varaflugvöll og tenging Austurlands við höfuðborgarsvæðið. Ítrekað sé að þó svo að ljósinn verði á votlendi þá verði votlendi ekki ræst fram og að einungis votlendi beint undir ljósunum muni raskast og að ljósinn muni ekki koma til með að takmarka getu fugla til að ferðast um votlendið.

Múlþing telur að rökstyðja þurfi betur þá fullyrðingu að gróðurlendi sem komi til með að raskast sé það lítið að einungis sé um óveruleg áhrif að ræða og koma fram með upplýsingar um það hversu stórt hlutfall röskunarsvæðis sé af heildarstærð verndarsvæðisins.

Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að 0,5 ha af gróðri muni raskast, heildarstærð svæðisins á náttúruminjaskrá sé 474 ha og þarf af um 124 ha af votlendi og muni því 0,4% af votlendi raskast.

Landslag og sjónræn áhrif

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að framkvæmdasvæðið sjáist hvorki frá þjóðvegi 1 né frá Borgarfjarðarvegi og að almennir ferðamenn ættu að verða fyrir litlum áhrifum. Öll byggð sé sunnan við ljósinn og þar sem ljósinn snúi í norður muni birta frá ljósunum og sýnileiki þeirra verða takmörkuð. Þjónustuvegur og aðflugsljós muni ekki standa hátt upp úr landinu.

Múlþing telur að gera þurfi betur grein fyrir hæð ljósanna og sýnileika að framkvæmdum loknum.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að sýnileiki ljósanna verði lítill þar sem engin byggð eða umferð sé í nágrenninu, ljósinn séu stöðug og séu einungis kveikt á meðan aðflugi stendur og verði því slökkt á þeim meirihluta tímans. Ljósinn muni bara lýsa í norður og upp á við undir ákveðnu horni og telji framkvæmdaraðili að þegar tekið sé mið af því hversu langt ljósinn eru frá byggð, hve lág þau séu og hversu sjaldan sé kveikt á þeim að ásýndaráhrif verði óveruleg.

Fuglalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að svæðið norðan Eyvindarár sé á náttúruminjaskrá m.a. vegna fjölbreytts fuglalífs. Helst séu það gæsir og andafuglar sem setji svip sinn á svæðið og þá sérstaklega hávella. Í tengslum við Kárahnjúkavirkjun hafi verið fylgst með andfuglum í Lagarfljóti og sýndu talningar að andfuglum hafi fækkað eftir tilkomu virkjunarinnar. Svæðið við flugvöllinn sé sérstaklega mikilvægt á vorin og á varptíma og að á framkvæmdatíma geti fuglalíf orðið fyrir truflun en að framkvæmdatíma loknum megi búast við minniháttar áhrifum á fuglalíf. Með því að tímasetja helstu framkvæmdir utan varptíma megi komast hjá sem mestum áhrifum.

Náttúrufræðistofnun Íslands telur að þörf sé á að rannsaka betur hvort hætta sé á að notkun ljósanna trufla fugla, t.d. á varptíma. Stofnunin telur að forðast ætti framkvæmdir á varptíma eins og hægt sé.

Múlþing telur að ástæða sé til að setja upp vöktunaráætlun vegna mögulegra áhrifa á fuglalíf.



Í frekari upplýsingum framkvæmdaraðila kemur fram að styrkur ljósanna verði slíkur að það sé ólíklegt að það valdi truflun á fuglalífi, auk þess sem ljósin séu bara kveikt á meðan aðflugi standi og blikki ekki. Einnig kemur fram að varptími fugla sé á þeim tíma sem bjart er nánast allan sólahringinn og lýsing verði því í algjöru lágmarki á þeim tíma og að stefnt verði að því að framkvæmdir standi ekki yfir á varptíma fugla. Framkvæmdaraðili telur að ekki sé þörf á sérstakri vöktun þar sem ljósin kalli ekki á neitt eftirlit, stöðugt viðhald eða umferð manna um svæðið. Gróðursvæði raskist undir ljósunum en að sambærileg búsvæði fugla verði áfram allt í kring.

Vatnalíf

Í greinargerð framkvæmdaraðila kemur fram að ein ljósasamstæða þurfi að vera í Eyvindará. Farvegurinn verði breikkaður til að koma til móts við það og tryggja að þversniðsflatarmál haldist óbreytt svo rennsli verði áfram óbreytt. Til að koma undirstöðum fyrir ljósasamstæðuna í ána þurfi að landtengja þær tímabundið með fyllingu út í ána, en það verði líklegast gert að vetri til þegar rennsli árinna sé í lágmarki og engir fiskar að ganga. Einnig kemur fram að í Eyvindará gangi urriði og bleikja úr Lagarfljóti en að framkvæmdin muni ekki koma til með að hindra þær göngur.

Fiskistofa bendir á að rask í veiðivatni geti haft neikvæð áhrif á lífríki í vatni, bæði á þeim stað sem raskið er en einnig geti grugg frá framkvæmdarstað haft neikvæð áhrif neðar í straumvatni, þau áhrif séu þó staðbundin og tímabundin. Auk þess bendir stofnunin á að lýsing frá aðflugsljósunum geti haft neikvæð áhrif á lífríki í vatni, huga þurfi að því hvort hægt sé að koma í veg fyrir eða minnka ljósvarp í Eyvindará.

Í frekari upplýsingum frá framkvæmdaraðila kemur fram að fiskurinn í Eyvindará gangi í ána úr jökulgrugguðu Lagarfljóti sem sé í næsta nágrenni og að tímabundið grugg á nokkurra metra kafla komi til með að hafa óveruleg áhrif á fisk og lífríki að mati framkvæmdaraðila. Varðandi truflun frá aðflugsljósunum kemur fram að þeim verði beint upp á við og séu ekki það sterk að þau muni hafa áhrif á lífríki í nærumhverfinu. Þegar fiskur sé að ganga í Eyvindará úr Lagarfljóti sé bjart mest allan sólahringinn og birta frá ljósunum því óveruleg auk þess að ljósin verði þar sem Eyvindará renni í manngerðum stokki og því ólíklegt að fiskur sé mikið að halda sig þar.

5 SKIPULAG OG LEYFI

Framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Fljótsdalshéraðs 2008-2028. Framkvæmdin er háð framkvæmdaleyfi Múlapings samkvæmt skipulagslögum og reglugerð um framkvæmdaleyfi. Einnig eru framkvæmdirnar háðar leyfi Fiskistofu vegna framkvæmda við ár og vötn og umsögn Umhverfisstofnunar þar sem framkvæmdin er að hluta inn á svæði á náttúruminjasrá.

6 NIÐURSTAÐA

Um er að ræða uppsetningu aðflugsljósa á Egilsstaðaflugvelli. Framkvæmdin er tilkynningarskyld til ákvörðunar um matsskyldu samkvæmt 19. gr. og lið 13.02 í 1. viðauka í lögum um umhverfismat framkvæmda og áætlana.

Eðli og staðsetning framkvæmdar og eiginleikar hugsanlegra áhrifa hennar

Við mat á því hvort tilkynningarskyld framkvæmd skuli háð umhverfismati skal taka mið af eðli framkvæmdar, svo sem stærð og umfangi framkvæmdar og ónæði sbr. 1. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021. Einnig skal taka mið af staðsetningu framkvæmdar og hversu viðkvæm þau svæði eru sem líklegt er að framkvæmd hafi áhrif á, svo sem með tilliti til landnotkunar, verndarákvæða, einkum svæða sem njóta verndar skv. lögum um náttúruvernd. Einnig ber að líta til álagspols náttúrunnar, svo sem með tilliti til votlendissvæða og kjörlendis dýra sbr. 2 tl. 2. viðauka laga nr.



111/2021. Þá ber að taka mið af eiginleikum hugsanlegra áhrifa framkvæmdar, meðal annars umfangs og fjölbreytileika áhrifa, hverjar líkur eru á áhrifum, tíðni og afturkræfni áhrifa og möguleika á að draga úr áhrifum, sbr. 3. tl. 2. viðauka laga nr. 111/2021.

Framkvæmdin er fremur umfangslítill. Áhrif aðflugsljósanna felast aðallega í röskun á votlendi og gróðri, en ekki verður neinu votlendi ræst fram og hlutfallslega litlu votlendi raskað. Áhrif vegna lýsingar vara í skamman tíma á meðan aðflugi stendur en annars verða ljósin slökkt. Ljósin blikka ekki og á sumrin, á varptíma fugla og þegar fiskur er að ganga í ánni, er bjart allan sólahringinn og verður styrkur þeirra þá í lágmarki. Að mati Skipulagsstofnunar kalla þættir sem falla undir eðli, staðsetningu og eiginleika hugsanlegra áhrifa framkvæmdarinnar ekki á að framkvæmdin undirgangist mat á umhverfisáhrifum.

Ákvörðunarorð

Á grundvelli fyrirbyggjandi gagna er það niðurstaða Skipulagsstofnunar að fyrirhuguð framkvæmd sé ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif, sbr. þau viðmið sem tilgreind eru í 2. viðauka laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana. Því skal framkvæmdin ekki háð mati á umhverfisáhrifum. Samkvæmt 30. gr. laga um umhverfismat framkvæmda og áætlana má kæra ákvörðunina til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Kærufrestur er til 8. mars 2022.

Reykjavík, 2. febrúar 2022

Egill Þórarinnsson

Jóhanna Hrund Einarsdóttir